

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 5,40 á mælieiningu skv. 2. gr. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftast en tvisvar í mánuði. Einstökum hafnarstjórnnum er heimilt að ákveða lestagjald 2% lægra eða hærra, þ.e. 5,30 - 5,50 kr. á mælieiningu.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 2,62 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Einstökum hafnarstjórnnum er heimilt að ákveða bryggjugjald 2% lægra eða hærra, þ.e. 2,56-2,67 kr. á mælieiningu.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 35,77 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 3.910,00 á mánuði. Einstökum hafnarstjórnnum er heimilt að ákveða mánaðargjaldið 2% lægra eða hærra, þ.e. 35,04 – 36,50 kr. á mælieiningu. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 2.558,00 á mánuði.

Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Þó skulu flutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum undanþegnir vörugjaldi.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 128,40 pr. tonn:
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 247,00 pr. tonn:
Lýsi og fiskimjöl.

3. fl.: Gjald kr. 266,80 pr. tonn:
Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurnings-
olíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda,
pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
4. fl.: Gjald kr. 735,30 pr. tonn:
- Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrif-
stofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mæli-
tæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður.
 - Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarn-
ingur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
 - Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.
Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist
ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.
5. fl.: Gjald 1,03%. Einstökum hafnarstjórnnum er heimilt að ákveða gjaldið 2% lægra eða
hærra, þ.e. 1,01% - 1,05%:
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings,
þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.
Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.
Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af
áætluðu heildarverði.
Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega,
t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og
afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því
til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.
Hámarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 1.726,00 pr. tonn.
Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.
Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 71,80.

13. gr.

Hafnarstjórn ákveður gjöld samkvæmt 6. gr. hafnalaga 1. tl. c, d og e og 3., 4., 5., 7. og 8.
tl.

14. gr.

Af gjöldum þeim sem þessi gjaldskrá tekur til og reiknuð eru út frá mælieiningu skv. 2.
gr. skal veita 17% afslátt vegna olíuflutningaskipa sem geta flutt aðgreinda sjókjölfestu í sér-
hönnuðum geymum.

Skilyrði þess að veita afslátt skv. 1. mgr. er að sýnt sé fram á að olíuflutningaskip geti
flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum í samræmi við 13. reglu alþjóðasamnings
um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Þessar upplýsingar þurfa að koma fram:

- í athugasemdashöfundinum á alþjóðamælibréfinu sem tilgreint er í 2. gr. gjaldskrár
þessarar, og
- undir lið 5.2 í fylgiskjali, af gerð B, við alþjóðamengunarvarnarskírteinið (IOPP-
skírteinið), sem gefið er út samkvæmt ákvæðum MARPOL 73/78.

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnagjalda.

15. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnagjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

16. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningar-skírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

17. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

18. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum, sbr. ákvæði 7. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI

Frávik og gildistaka.

19. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra heimilað einstökum hafnarstjórnnum frávik frá gjaldskrá þessari.

Ef hafnarstjórn óskar frávika frá gjaldskrá þessari skal hún senda hafnaráði rökstudda beiðni þar að lútandi. Hafnaráð leggur síðan tillögur sínar fyrir ráðherra sem ákveður hvort frávik skuli leyfð.

20. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir nr. 7/2000.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi skip ekki alþjóðlegt mælibréf, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969 er hafnarstjórn heimilt að miða gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari við brúttórúmlestatölu skips. Þegar svo háttar skal lestagjald vera kr. 9,60 á mælieiningu og bryggjugjald kr. 4,85 á mælieiningu sbr. 4. og 5. gr. gjaldskrár þessarar.

Samgönguráðuneytinu, 7. febrúar 2001.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.